

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli
fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1977.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1977.

Fiskmjöl, \$ 6.90 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 190.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. janúar 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.